



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra

Svar við fyrirspurn um ferð borgarstjóra til Cork

Óskað hefur verið eftir svari fjármála- og áhættustýringarsviðs við fyrirspurn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks, dags. 3. apríl 2023, um ferð borgarstjóra til Cork. Fyrirspurning er eftirfarandi:

„Óskað er eftir upplýsingum um kostnað við fyrirhugaða ferð borgarstjóra, aðstoðarmanns borgarstjóra og verkefnisstjóra lýðheilsamála til Cork.“

Samkvæmt upplýsingum skrifstofu borgarstjóra og borgarritara hætti borgarstjóri við fyrirhugaða ferð vegna anna. Enginn kostnaður var því vegna gistingar. Greiðsla sem þegar hafði verið innt af hendi vegna flugs til London var notað áfram í fyrirhugaða ferð borgarstjóra og aðstoðarmanns hans til Brussel 12.–16. júní nk., kr. 103.475 pr. mann. Þá var kostnaður vegna fargjalds verkefnastjóra lýðheilsamála notað áfram í ráðstefnuferð þann 20. nóvember 2023 til Amsterdam. Innanlandsfargjald frá London til Cork á Írlandi var óendurkræft og nemur sá kostnaður 184.560 kr. vegna allra þátttakenda samanlagt.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.